

6.5. '34

Upphaf aldaskifta.

I.

Grein frá Kristínar Matthías-son um endurburðarkenninguna (og fleira í guðspeki), sem birtist í Mbl. 4. f. m., er mjög vel rituð, en samfarir mig þó ekki. Eftir og foreldrar þýða miklu meira en endurburðartrúin vill vera láta, og vjer eigum ekki nema einn föður og eina móður. Bæði frá K. M. og Grjetar Felis. sem ritar um þetta efni í „Vísí“ 8. þ. m., bregða mjer um vanþekkingu; en jeg held að mjer sje óhætt að segja, að jeg þekki nokkurnveginn rök- sendir þar, sem fram hafa verið færðar endurburðartrúnni til stuðnings. Er það augljóst hvernig sá misskilningur er til orðinn, að menn fæðist hjer á jörðu aftur og aftur, og má jafnvel segja, að nokkuð af tilfinningu fyrir hinum mikla og merkilega samleika, að framhald lífsins er í þessum heimi, hinum sýnilega efnisheimi, komi fram í misskilningi þessum. Og víst er um það, að áhugi á þessum efnium er löfsverður, og að fjarri fer því, að á sama standi hvort menn gera sjer um það rjettar hugmyndir eða rangar

II.

Það er ein mín heitasta ósk, að hin svokölluðu eilífðarmál, geti til fulls komist í náttúrufræði- og rannsóknahorfið, og fyr en það verður, getur ekki orðið um verulegar framfarir að ræða í þeim málum. Mikið gagn má í þessum efnium hafa af upplýsingum, sem fengnar eru með aðstoð miðla, um það, hvernig lífinu eftir dauðann er háttað — ef upplýsingar þessar eru nógu vísindalega notaðar. Jeg hef nú einmitt um ekki allfá ár, veitt því sjerstaka eftirtekt, hvað hátt er eftir framliðnum um þau efni, sem hjer koma til greina. Og kemur þá í ljós, að framliðnum, sem nokkrum þroska hafa náð, virðist vera það mikið áhugamál að brýna fyrir oss hjernamegin, að endurburðartrúin sje röng. Skal jeg þar nefna dæmi úr merkilegri bók, Opening the Psychic Door, eftir náttúrufræðingnum FitzSimons. Framliðinn læknir segir þar svo (bls. 155—56): „Maður hjernamegin, sem lengi og vandlega hefir rannsakað málið, segir, að það sem kent er hjá ykkur um endurboldgun (endurlíkaman, reincarnation) sje rangt“. Ennfremur segir lækn-

fránu, að þegar nýr einstaklingur er getinn, þá verði um leið til nýsál. Vilji að framlíðins eignast líkama barns (eða fösturs) hjer á jörðinni, þá geti það ekki orðið nema með því að koma frá þá sál, sem þenna líkama fylgir að rjettu lagi. Hygg þeg þetta rjettu vera. Annað dæmi skal þeg nefna og er það úr þinni frægu bók H. D. Bradley's, Towards the Stars (Áleiði til stjarnanna). Höfundurinn spyr (bls. 252-3) þinn framliðna vitring Jóhannes, hvort

menn sje endurbornir hjer á jörðu, og neitar vitringurinn því með áherslu, og segir að Bradley hafi ekki lifað hjer á jörðu áður og muni aldrei fæðast hjer aftur. Og hann ítrekar þetta: „back to the old earth you do not go again. You are there once and never more“. En svo batir hann við þessum mjög svo eftirtektarverðu orðum: „but of course, there is reincarnation in a sense“, en vitanlega á sjer (þó) stað endurlíkaman í vissum skilningi. Orð eins og þessi, sem víðar má finna, koma spíritistum í vandræði, því að þeim virðist, sem þarna sje um métsögn að ræða. En þó fer því fjarri að svo sje; þinir framliðnu eru aðeins að reyna til að fræða menn um það, að þó að enginn fæðist aftur hjer á jörðu, þá endurholdgast menn samt, eða eignast endurlíkaman á annari jarðneski líkama, eða líkaminn, sem gerður er af efnum þessarar jarðstjörnu, er ónýtur orðinn. Er þar

bersýnilega verið að reyna til að koma fram kenningu minni um endurlíkaman á annari jarðstjörnu. Og það er óhætt að segja, að án þinnar rjettu vitneskju um endurlíkaman eftir dauðann, er beinlínis ekkert vit í trúmi á framlíf. Í framlífinu á að halda því áfram, sem hjer á jörðu.— og á framlífs-jörðunum yfirleitt — hefir verið byrjað á, við svo mikla erfðileika. Og í framlífinu mun það takast, sem hjer á jörðu hefir aðeins komist lítillaga áleiðis, en það er að líkaminn verði fullkonrinn og mannfjelagið fullkomið. En tilgangur mannfjellags er að taka meiri og meiri þátt í sköpunarverkinu. Líkjast guði meir og meir, gera heiminn sífellt fullkonnari, þennan heim, sem er svo miklu stórkostlegri en þær allra stórkostlegustu hugmyndir, sem nokkur hefir gert sjer um hann ennþá. En þinn ágæti stjörnufræðingur, Sir. Arthur Eddington giskar á, að í heiminum sjeu 100.000 miljónir vetrarbrauta og til jafnaðar 100.000 miljónir stjarna í hverri vetrarbraut. Það er því til mikils að vinna að komast á rjetta leið, og af miklu mist, þegar það tekst ekki. En í þeim efnum skiftir það miklu, hvort menn hafa um þessi aðalatriði rjettar hugmyndir eða rangar, hvort þeir meta sannleikann mikils eða lítils.

↑ mjög líkama þegar þessi (leir H.P.)

III.

Bæði frú K. M. og Gr. V. telja mikil vandkvæði á því, að gera ráð fyrir, að krafturinn, sem skap-
að hefir líkama á þessari jörð geti endurnýjað þennan líkama á ein-
hverri annari jörð. Það verður auðveldara að átta sig á þessu, ef menn vilja muna eftir því, sem enginn vafi getur á leikið, að framliðnir hafa oft getað endur-
líkamað sig hjer á jörðu. Bæði á miðlfundum og einuig stundum þegar er að ræða um það sem nefnt er afturgöngur og reimleik-
ar. Þeir líkamir eða líkanníngar, eru skammlífir og ófullkomnir, en greiða þó fyrir skilningi á því, að öðruvísi geti verið þar sem ástæð-
ur eru betri. En af lýsingunum kemur alveg ótvíræðlega í ljós, að framliðnir lifa eftir dauðann á

Upphef aldaskipta.

Mbl. 6. Maí 1934.

Önnor mynd.